

Lágmarksupphæð holræsagjalds fyrir hverja gjaldskylda fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 1 100.

Nú er fasteign, sem greiða ber af holræsagjald eigi virt fasteignavirðingu og skal þá greiða holræsagjald skv. samþykktum uppdráttum.

Þó skal aldrei reikna holræsagjald af húsi það ár, sem bygging þess hefst.

Holræsagjaldið er miðað við byggingavísitölu og breytist einu sinni á ári til samræmis við byggingavísitöluna, eins og hún er í árslok hverju sinni. Hækkanir samkvæmt þessari málsgrein mega þó ekki vera meiri en 50% án staðfestingar ráðuneytis.

2. gr.

Holræsagjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda, ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka, ef um leigulóð er að ræða, og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveðrétti í lóð og mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga þess, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

3. gr.

Um gjalddaga og innheimtu holræsagjalds fer með sama hætti og um fasteignaskatt, enda skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 5. apríl 1976.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Skúli Sigurðsson.

S A M Þ Y K K T

um hundahald í Eyrarbakkahreppi.

1. gr.

Hundahald er bannað í Eyrarbakkahreppi.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum búsettum í hreppnum, undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Upphæð gjaldsins skal miðuð við kostnað við eftirlit með hundum í hreppnum.
- Skýlt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.
- Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda

inn í skólahús, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.

- e. Hundeinganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrirsmælum, sem heilbrigðisnefnd setur.
- f. Bændum á lögbýlum utan þéttbýlis skal heimilt að hafa einn hund án gjalds. Að öðru leyti skulu slíkir hundar háðir ákvæðum þessarar samþykktar. Skyli er bændum að sjá svo um að hundar þeirra séu ekki lausir á almannafæri.

3. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal honum komið fyrir, sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Sveitarstjórn er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

4. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Eyrarbakkaahrepps staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki svo og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 5. apríl 1976.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um kjarasamninga starfsmanna sveitar- og sýslufélaga nr. 195 15. júní 1973.

1. gr.

Frestur sá, sem um ræðir í 15. gr. reglugerðar nr. 195/1973 um kjarasamninga starfsmanna sveitar- og sýslufélaga breytist þannig, að Kjaradómur hafi lokið dómsorði á ágreiningsefni eigi síðar en 30. apríl 1976.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er ríkissáttasemjara heimilt, ef annar hvor aðili óskar þess, að leita sátta milli aðila allt til 24. apríl 1976.

Félagsmálaráðuneytið, 9. apríl 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón S. Ólafsson.